



LJÓSANÓTT

Siglingaklúbburinn Knórr og Siglingasamband Íslands

Keptt verður 2 september 2023

Frá Reykjavík til Reykjanesbæjar

TILKYNNING UM KEPPNI

1 REGLUR

- 1.1 Keptt verður samkvæmt reglum sem tilgreindar eru í *Alþjóða kappsiglingareglum.2021-24*
Kappsiglingafyrirmælum SÍL
Keppnisfyrirmælum mótsins
- 1.2 Breytinga er gerða á Reglu 44.1 að í stað 2 refsihringa má bjóða þeim sem brotið er á gjafir sem talist geta einlæg afsökunarbeiðni – það boð verður að bjóða áður er farið yfir marklínu og efna þegar í land er komið.
- 1.3 Keppnin verður ekki haldin ef keppnisstjórn hefur ekki yfirsjón yfir keppnissvæðið vegna skerðingar á skyggni.
- 1.4 Ef tungumálum ber ekki saman skal enska útgáfa textans gilda.
- 1.5 Þegar regla 20 gildir, má bátur gefa til kynna þörf fyrir rúm til að staggvenda t.d. með kalli eða bendingum.

2 KAPPSIGLINGAFYRIRMÆLI

- 2.1 Keppnisfyrirmælin verða aðgengileg eftir klukkan 12:00 þann 1. September 2023 á [Racing Rules of Sailing](#)

3 SAMSKITPI

- 3.1 Keppnisstjórn birtir upplýsingar á rafrænni upplýsingatöflu keppinnar. [Racing Rules of Sailing](#) Þar með talið mögulegum breytingum á tilkynningu þessari.
- 3.2 Keppnisstjórn notar rás 71 fyrir öll samskipti
- 3.3 Á meðan á keppni stendur (tekur gildi við fyrsta viðvörunarflaut) mega keppendur ekki nota talstöðvar eða önnur samskiptatæki nema í neyðaratilvikum og ef allir keppendur fá sömu upplýsingar. Þessi takmörkun gildir einnig um farsíma

4 HLOTGENGI OG ÞÁTTTAKA

- 4.1 Mótið er opið öllum kjölbátum
- 4.2 Mótið er opið öllum kjölbátum með IRC forgjöf og öðrum bátum sem falla undir NHC forgjöf RYA ([sjá hér Hlekkur á list](#)) eða forgjöf sem SÍL samþykkir ef bátur er ekki á lista NHC eða með IRC forgjafarskírteini.
- 4.3 Í keppni um vinsælustu áhöfnina fer fram kosning meðal þátttakenda. Áróður og vinsældakaup eru leyfð á kjörstað
- 4.4 Keptt er í eftirfarandi flokkum

Kjölbátar Forgjöf – sjá 4.2

Vinsælasta áhöfnin Kosning þátttakenda

- 4.5 Hlutgenga báta má skrá með því að fylla út rafræna skráningu sjá lið 4.6 og senda greiðslu banka reikning 515-26-450274 Kt 450274-0899 fyrir skráningargjaldi ásamt fyrir 31.ágúst.2023.
- 4.6 Skráning fer fram rafrænt á eftirfarandi vefslóð <https://forms.gle/XjD5PtZrM71F8Hfm6>
- 4.7 Skráning telst ekki gild fyrr en öllum skráningarskilyrðum er fullnægt og þáttökugjald hefur verið greitt.

5 ÞÁTTÖKUGJALD

5.1 Áskilin gjöld eru eftirfarandi

<i>Flokkur</i>	<i>Þáttökugjald</i>
Kjölbátar	5000 per áhafnar meðlim

6 TAKMARKANIR UM ÁHÖFN

6.1 Engar takmarkanir gilda um fjölda í áhöfn eða aldur:

7 AUGLÝSINGAR

- 7.1 Bátar gætu þurft að sýna auglýsingar sem skipuleggjendur velja og láta í té.
- 7.2 Skipuleggjendur geta skaffað fatnað með auglýsingum sem keppendur skulu bera eins og heimilað er í auglýsingareglum World Sailing.

8 TÍMAÁÆTLUN

8.1 Skráning:

Dagsetning	Frá	Til
02.09'23	08:00	08:30

8.2 Keppnis dagar:

<i>Dagsetning</i>	<i>Flokkur</i>
2 sept. 2023	Kjölbátar

8.3 Skipstjórafundur 8:30

8.4 Áætlaður tími fyrir viðvörunarmerki fyrir keppnina er kl 8:55 ræsing kl 9:00

8.5 .

9 MÆLINGAR OG SKOÐUN

9.1 Ekki fara fram mælingar og forgjöf er háttað í samræmi við lið 4.2

10 STIGAGJÖF

10.1 Notað er lágstigakerfi skv A4.1 í viðauka A

12 BRYGGJUPLÁSS

12.1 Gert er ráð fyrir að bátar leggist við bryggju í Grófarhöfn í Keflavík

13 PERSÓNUVERND

13.1 Með skráningu í keppni heimila þátttakendur myndbirtingar á vegum keppnishaldara og SÍL ásamt birtingu úrslita.

14 TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR

14.1 Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 3, Ákvörðun um að keppa. Skipuleggjendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda eða líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við eða fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur án tillits til orsakatengsla.

18 VERÐLAUN

18.1 Eftirfarandi verðlaun verða veitt: Veitt verða verðlaun fyrir 1. 2. og 3. sæti í kappsiglingunni. Aðeins ein áhöfn getur verið vinsælasta áhöfnin.

19 FREKARI UPPLÝSINGAR

19.1 Frekari upplýsingar veitir Siglingasamband Íslands um framkvæmd keppinnar sil@silsport.is Siglingafélagið Knörr um ljósanótt og aðstöðu í Reykjanesbæ knorrssailing@gmail.com .